

NES FRÉTTIR

ÁGÚST 2015 • 8. TBL. • 28. ÁRG.

AUGLÝSINGASÍMI

511 1188



Vesturbæjarútibú við Hagatorg

**PANTAÐU Á
DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345



Umhverfisviðurkenningar Seltjarnarnesbæjar voru veittar þriðjudaginn 18. ágúst í sal Gróttu við fótboltavöllinn við Suðurströnd. Á myndinni eru þau sem hlutu viðurkenningar ásamt umhvefisnefnd Seltjarnarnesbæjar. Sjá nánar á bls. 6.

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

24
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

**Slökkvitækja-
þjónustan**

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!

græn heilsa
lífræn heilsuverslun

Ægisíða 121
facebook.com/grænheilsa

Í ALFARALEIÐ

20 AÐALMÆLI
SÁMREYFT
BILSKOÐUN

Aðalskoðun

Reykjavík Skeifunni 5 Sími 590 6930



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum
í gegnum farsímamann.



Skannaðu kóðann
til að sækja „appið“
frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



**Hafðu bankann
með þér**



Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Eiðistorgi 13-15, 170 Seltjarnarnes, Pósthólf 172. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Höfum við ekkert lært?

Hafa Íslendingar ekkert lært af hruninu sem varð hér haustið 2008. Gylfi Magnússon hagfræðingur og dósent við Háskóla Íslands segir í viðtali hér í blaðinu að við getum margt lært og eigum að gera það. Sagan frá öðrum löndum sýni hins vegar að oft vilji fenna yfir slíkan lærdóm og menn fari að gera sambærileg mistök aftur. Hann segir að háir vextir hafi verið eitt af því sem bjó til bóluna sem sprakk. Fé hafi streymt hingað í leit að háum vöxtum. Þegar innflæðið hætti hafi fjármálakerfið hrúnið.

Gylfi segir að íslenska hagkerfið hafi verið algerlega vanbúið að standa að baki alþjóðlegum fjármálastofnunum. Grundvallar mistök hafi verið að telja sér trú um að það væri hægt. Þekkingu og alla reynslu hafi skort auk þess sem þjóðin búi við afskaplega veikan gjaldmiðil. Alveg eins hefði mátt markaðssetja Ísland sem sólarparadís eins og alþjóðlega fjármálamiðstöð.

Þetta eru sterk orð um það ástand sem skapaðist hér á fyrsta áratug þessarar aldar og áhyggjur af því að við höfum ekki lært neitt af þeim mistökum sem gerð voru. Spurning er um hvort Íslendingar hafi kjark til þess að draga þann lærdóm sem þarf. Þegar aðstæður batna og ef alþjóðamál þróast með þeim hætti að önnur bóla geti myndast – má gera ráð fyrir að Íslendingar stökki af stað að nýju. Og merkin sjást nú þegar heima fyrir. Seðlabankinn hækkar vexti að eigin sögn til þess að bregðast við kjarasamningum. Svo virðist sem við séum þegar farin að gleyma. Ef til vill höfum við ekkert lært og ætlum ekkert að læra. Undir Svörtuloftum virðast menn allavega ekki námfúsir að þessu leyti.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

Frisbíggölvöllur á Valhúsaahæð



Þétur Már Harðarson gerir sig tilbúinn til að kasta disknum í fyrstu holu af níu. Sigurður Kristinn Ingimarsson, Þétur Már Harðarson, Valtýr Bjarnason og Stefán Bjarnason hafa unnið að því að koma frisbíggölvöllinum upp í sumar og standa hér við holu níu.

Frisbíggölvöllur hefur verið opnaður á Nesinu. Upphaf hans má rekja til þess að fyrir þremur árum bar Þétur Már Harðarson upp þá hugmynd við Steinunni Árnadóttur garðyrkjustjóra að gerður yrði frisbíggölvöllur í Bakkagarði. Aðstæður í garðinum voru kannaðar en reyndust ekki hentugar meðal annars vegna nálægðar við íbúðabyggð og málið féll niður af sjálfu sér. Þétur Már hefur verið yfirflokktjóri hjá Seltjarnarnesbæ undanfarin sumur en hann er að hefja annað ár í sálfræði eftir að hafa lokið námi í íþróttáfræði.

Í samtali við Nesfréttir segir Þétur Már að Bjarni Torfi Álfþórsson hafi svo aftur hreyft við hugmyndinni í vor með nýja staðsetningu í huga eða á Valhúsaahæðinni og í samráði við garðyrkjustjóra hafi honum verið falið að kanna þann möguleika. „Haukur Árnason, sem er helsti frumkvöðull frisbíggöls á Íslandi, var fenginn til skrafs og ráðagerða og í ljós kom að staðsetningin á Holtinu myndi henta vel. Félagi minn, Ásgeir Hallgrímsson, lagði fram teikningu, sem hann hafði unnið ásamt fleirum og sumarstarfsmenn áhaldahússins voru svo fengnir til að setja völlinn upp með mér.

Þess var gætt að tekið væri tillit til allra þátta eins og fjarlægðar frá íbúðabyggð, kirkjunni og verndaðra svæða á Holtinu. Fyrsta holan er staðsett á milli kirkjunnar og Víkurstrandar. Hringurinn liggur svo í kringum fótboltavöllinn og endar sunnan megin við kirkjuna. Þetta er tilvalið sport fyrir alla fjölskylduna, vinnustaði, einstaklinga og bara hvern sem er. Búnaðurinn er líka tiltölulega ódýr, en hægt er að kaupa sérstaka frisbíggölfdiska eða nota þá sem maður á heima," segir Þétur Már.

Nesbúinn



Mætum öll á Bæjarhátíðina!

Bæjarhátíð Seltjarnarness 2015

Fimmtudagurinn 27. ágúst

- 17:00** **Gallerí Gróttu - sýningaropnun Finnboga Péturssonar**
Finnbogi Pétursson sýnir tvoíð verk undir heitinu Sjólag.
- 18:00** **Frisbee-golf kennsla á Valhúsaæð**
Haukur hjá frisbigolf.is mætir og verður með leiðsögn um nýjan völl á Valhúsaæð og kennir nýjum iðkendum handtökin. Diskar verða á svæðinu.
- 21:00 - 23:30** **Félagsheimilið - Jazzkvöld með Tómasi R. Einarssyni, Bógómil Font og hljómsveit**
Tómas R. Einarsson er einn þekktasti lagasmiður í íslenskri jazztónlist og mun hann stíga á stökk ásamt Bógómil Font og hljómsveit og spila fram eftir kvöldi. Miðaverð 2.000 kr.- og selt er við innganginn.

Föstudagurinn 28. ágúst

- 17:00 - 19:00** **Sundlaug Seltjarnarness - Sundlaugarpartý**
Skemmtidagskrá í lauginni fyrir fjölskylduna. Meðal annars Zumbakennsla og skemmtileg leiktæki fyrir krakkana. Frítt er í laugina allan daginn.
- 19:30 - 21:00** **Brekkusöngur í Plútóbrekku**
Fram koma ýmsir þekktir aðilar sem hafa verið áberandi í tónlistarlífi Seltjarnarness á síðustu árum.

Laugadagurinn 29. ágúst

- 09:00** **Hjólreiðatúr með Bjarna Torfa um Seltjarnarnesið**
Bjarni Torfi er fullur af fróðleik um Seltjarnarnesið og mun hann miðla honum áfram í stórskemmtilegum hjólreiðatúr. Mæting hjá Sundlaug Seltjarnarness.
- 09:30** **Skemmtiskokk með Trimmklúbbi Seltjarnarness**
TKS býður bæði upp á skemmtiskokk fyrir nýja hlaupara og einnig ferðir fyrir lengra komna. Mæting er við Sundlaug Seltjarnarness.
- 10:00 - 13:00** **Gróttudagurinn - Ýmsar þrautir víðsvegar um bæinn fyrir börn og fullorðna**
Hverfisbréfum verður dreift á Vivaldivellinum. Íbúar fara um bæjarfélagið og spreyta sig á þrautum og safna þannig stigum fyrir hvefin sín. Skila þarf inn vegabréfum fyrir kl 14:00. Dregið verður úr bréfum í hálfleik á Gróttu og Þór. Vegleg verðlaun í boði.
- 14:00 - 15:50** **Gróttu - Þór á Vivaldivellinum (frítt á völlinn fyrir Nesbúa)**
Mikilvægur leikur fyrir Gróttu í fallbaráttunni í 1. deildinni. Með sigri getur Gróttu komið sér úr fallsæti. Dregið úr vegabréfaleik Gróttu í hálfleik.
- 16:00 - 18:00** **Frisbee-golfmót á Valhúsaæð**
Spilaðar verða 9 holur einstaklingskeppni. Íslenska flatbakan veitir verðlaun.
- 17:00** **Söngur kranans dansverk á landfyllingunni við Norðurströnd**
Hljóðverk tveggja byggingakrana er dans- og hljóðverk sem flutt verður á landfyllingunni við Norðurströnd, skammt frá hákarlaskúrnum.
- 23:00 - 03:00** **Stuðball í Hertz-höllinni (Íþróttamiðstöð Seltjarnarness)**
Hljómsveitin Made-In Sveitin með Hreim í fararbroði er geggjuð ballhljómsveit. Húsið opnar 23:00. Dj. Magnús Örn Helgason heldur uppi stuðinu þar til Made-In Sveitin stígur á stökk. Miðaverð er 2.500 kr.- í forsölu hjá Perma og 3.000 kr.- í hurð.

Sunnudagurinn 30. ágúst

- 11:00** **Appelsínugulmessa í Seltjarnarneskirkju**
Séra. Bjarni Bjarnason stendur fyrir appelsínugulri sunnudagsmessu.

Einnig er opið í Nesstofu, Lyfjafræðisafninu og Sýningarými í Nes (áður fyrirhugað lækna-minjasafn) alla dagana milli kl. 13:00 - 17:00. Frítt inn.



Meiri endurbætur á Eiðistorgi

Að undanförunu hafa staðið yfir viðgerðir á vestur inngangi Eiðistorgs en í kjölfar mikils veðurágangs síðasta vetur var burðarvirkið farið að láta á sjá.

Þegar hafist var handa við viðgerðir kom í ljós að sperrur voru mun verr farnar en haldið var í fyrstu og þakið nánast að hruni komið. Ráðgert er að viðgerðum ljúki í síðari hluta ágústmánaðar.



Vel gengur að eyða Bjarnarklónni

Hin skaðlega jurt bjarnarkló hefur verið að stinga sér niður á opnum svæðum og í einkagörðum á Seltjarnarnesi og hefur bærinn nú ráðist í útrýmingu hennar. Samkvæmt upplýsingum frá garðyrkjustjóra bæjarins, Steinunni Árnadóttur, er almennt meira af kerfli, lúpínu og hvönn þetta árið á Nesinu en bærinn hefur unnið markvisst að því undanfarin ár að sporna gegn útbreiðslu og vexti þessara plantna með eyðingu og slætti.

Árangurinn hefur ekki látið á sér standa en núna er lúpínan nánast að hverfa af Valhúsahæðinni. Á vestursvæðunum hefur kerfillinn verið að sækja í sig veðrið og í sumar var flokkur ungmenna fenginn til að slá breiðu af kerfli sem var að stinga sér niður í Gróttu. Steinunn segist ánægð með árangurinn sem náðst



hafi undanfarin fimm ár, en að vandasamt geti verið að hefta útbreiðslu plantnanna því varptími kúunnar og mófugla setji strik í reikninginn. Að hennar sögn er mikilvægt að eyða eins miklu áður en varp hefst og ráðast svo aftur til atlögu þegar fuglinn er farinn af svæðunum. Hvað bjarnarklónni viðvíkur þá eru bæjarbúar hvattir til að skera hana niður verði þeir hennar varir en gæta þess að safinn úr plöntunni fari ekki á húðina því hann getur valdið miklum bruna.

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími
511 1188



Öll rúnstykki á

80 kr.

Bergstaðastræti 13 - 101 Reykjavík - Sími 551 3083 - www.bernhoftsbakari.is

Bæjarhátíð á Seltjarnarnesi



Frá götugrilli á síðasta ári.

Árleg bæjarhátíð Seltjarnarnes verður haldin 27. til 30. ágúst n.k. Bæjaryfirvöld vilja hvetja Seltirninga til að taka dagana frá og skreyta hverfið sitt, hús og lóðir í viðeigandi hverfalt.

Að sögn Ástu Sigvaldadóttur verkefnisstjóra Gróttu hafa skemmtilegar hefðir náð að myndast í kringum hátíðina þar sem íbúar taka sig saman og standa fyrir sameiginlegum viðburðum í sínu hverfi meðan á hátíðinni stendur, svo sem vöfflukaffi, götugrilli og hverfisskemmtun fyrir ball.

Dagskrá hátíðarinnar er fjölbreytt og allir íbúar ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Meðal atriða má finna skemmtikvöld í félagsheimilinu, sundlaugarpartý, brekkusöng í Plútóbrekku, hjóleiðaferð, gönguferð, skokkferð, listsýningu, Gróttudaginn á Vivaldivellinum, hverfakeppni með ýmsum þrautum víðsvegar um bæinn og Stuðball á laugardagskvöldinu. Appelsínugul messa verður í Seltjarnarneskirkju

á sunnudagsmorguninn. Nánari dagskrá verður dreift í öll hús á Seltjarnarnesi í vikunni fyrir hátíðarhöldin og einnig verða tilkynningar á facebook síðunni, Íbúar Seltjarnarnesi. Varningur í hverfalitum verður til sölu í Hagkaup og Byko.



Um 30 ný bílastæði við sundlaugina


Fjölgun stæða og öruggari akstursskilyrði eru komin til að vera við sundlaugina og ípróttahúsið á Seltjarnarnesi.

Eins og glöggir Nesbúar hafa tekið eftir hefur bílastæðið tekið miklum stakkaskiptum. VSÓ ráðgjöf sá um endurhönnun stæðisins en eftir breytingarnar

fjölgaði stæðunum um þrjátíu auk þess sem umferðin gengur núna mun liðlegar fyrir sig en áður. Akstursstefna er nú í eina átt frá hvorum enda bílastæðisins sem gerir það að verkum að skilyrði eru öruggari fyrir bæði ökumenn og gangandi vegfarendur.

Valið besta heilsuefnið

Lífrænt



Best Health Supplement - Overall Wellbeing

www.thebeautyshortlist.com

Dagleg græn upplýfting. Heilnæmt fæði, hámarks upptaka og nýting á næringarefnum.

Spirulina, Chlorella & Barleygrass

- Hreinsar líkamann, bætir andadrátt og líkamslykt, fegrar og frískar húðina
- Bætir meltingu, gerir líkamann basískan, kemur á réttu pH gildi
- Yfir 100 lífræn næringarefni sem gefa orku, einbeitingu og vellíðan

Lifestream framkvæmir þrefaldar næringarprófanir; við uppskeru, eftir framleiðslu og að lokum með vottun frá óháðri prófunarstofu.

120 hylki.

Fæst í apótekum, Hagkaup, Krónunni, Grænni heilsu, Heilsuhúsinu og Fjarðarkaup.

lifestream
hrein lífræn næring



opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

Umhverfisviðurkenningar árið 2015

Umhverfisnefnd Seltjarnarness hefur í fjölda ára veitt viðurkenningar fyrir fagra garða, snyrtilegan frágang lóða, eldri uppperð hús og götur. Einnig hafa verið veittar viðurkenningar fyrir fagurt tré.

Umhverfisviðurkenningar voru veittar þriðjudaginn 18. ágúst í sal Gróttu við fótboltavöllinn við Suðurströnd.



Garður ársins: Lindarbraut 20. Eigendur: Guðrún Pétursdóttir og Kristján Aðalsteinsson.



Fyrirtæki ársins: Systrasamlagið ehf, Suðurströnd 10. Eigendur: Jóhanna Kristjánsdóttir og Guðrún Kristjánsdóttir.



Gata ársins: Lindarbraut.



Sérstök viðurkenning: Garður að Eiðistorgi 1. Eigendur: Jóhanna Kr. Ragnarsdóttir og Sigurjón Jónasson.



Tré ársins: Heggur. Nesbala 58. Eigendur: Guðbjörg Jóna Hermannsdóttir og Gunnsteinn Sigurðsson.



Sérstök viðurkenning: Gott viðhald húss og lóðar til fjölda ára. Barðaströnd 12. Eigendur: Margrét Björgvinsdóttir og Þráinn Eiríkur Viggósson.



Eldra uppgert hús: Suðurmýri 4. eigendur: María Jóhannsdóttir og Sigurður L. Sævarsson.



Sérstök viðurkenning: Endurgerð grjóthleðsla að Nesbala 34. Eigendur: Ása Jónsdóttir og Guðmundur Hannesson.



góðgæti frá Jóa Fel

Brauð, kökur og kruðurí að hætti Jóa Fel

Bakaríið við Hringbraut er opið alla virka daga frá kl. 7 - 18
og frá kl. 8 - 17 um helgar.

Verið hjartanlega velkomin.



BAKARÍ

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær & Hringbraut



NÁMSKEIÐ Á HAUSTÖNN 2015 ALMENN NÁMSKEIÐ

Teikning 1	Málun 1
Teikning 2	Málun framhald
Teikning portrett	Málun - vinnustofa
Módelteikning	Málun - form, lína og áferð
Módelteikning framhald	Vatnslitun
	Tilraunir teikning og vatnslitun

Litaskynjun
Leirkerarensla
Leirmótun og rennsla

Gróðurhús hugmyndanna
Spjöllum saman um myndlistarsýningar

Myndlist 60+

Vinnustofa fyrir fólk með þroskahömlun

BARNA OG UNGLINGANÁMSKEIÐ

4-5 ÁRA myndlist

13-16 ÁRA

6-9 ÁRA myndlist

Vöruhönnun og leir
Leirmótun og rennsla
Málun og blönduð tækni
Teikning málun grafík
"Animation", video og myndasögur

8-12 ÁRA

Leirrennsla og skúlpútur
Leirrennsla og mótun

10-12 ÁRA

Teikning
Myndlist
Video- og hreyfimyndagerð
Myndasögur og myndrænar frásagnir

Námskeið í Miðbergi Breiðholti
6-9 ára Myndlist
10-12 ára Myndlist

Skráning á
www.myndlistaskolinn.is
og í síma: 551 1990
JL húsinu - Hringbraut 121

MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK

20% FRAMHALDSSKÓLA AFLÁTUR
NÁMSKEIÐIN ERU STYRKHÆF HJÁ FLESTUM STÉTTARFÉLÖGUM

Sorg á Bakkatjörn



Maki álfatarinnar Svandísar fannst dauður við Bakkatjörn. Ekki er ljóst hvað hefur dregið hann til dauða en samkvæmt fuglfræðingi sem fékk hræið til krufningar hefur hann verið veikur því hann var orðinn mjög magur.

Álftin Svandís hefur verpt við Bakkatjörn sl. 19 ár. Í sumar eignaðist hún aðeins 1 unga sem virðist ekki hafa komist á legg því hann hefur ekki sést frá því í júní.



Elin Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri Þorsteinn Elíasson útfararþjónusta Snævar Jón Andrésson útfararþjónusta Hugrún Jónsdóttir útfararstjóri Rósa Kristjónsdóttir útfararstjóri



Gaumurður Baldursson útfararþjónusta Jón G. Bjarnason útfararþjónusta Ellert Ingason útfararþjónusta Katla Þorsteinsdóttir lögfræðisþjónusta Gestur Hreinsson útfararþjónusta

Útfarar- og lögfræðisþjónusta

Önnumst alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi

Við þjónum allan sólarhringinn
Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.uttfor.is



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bíllinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðuskipti
Skiptum um framrúður og önnumst annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bil.



Mössun / snyrting á lakk
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkjáþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og máling
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst trústu kröfur.



Bílaþvottur / djúphreinsun
Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bón off. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / skilæði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smáviðgerðir
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slíftflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is



Viðtal við Gylfa Magnússon

Hefðum alveg eins getað markaðssett Ísland sem sólarparadís

Gylfi Magnússon dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands varð þjóðkunnur á einni nóttu þegar hann var beðinn um að taka sæti í ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur á vordögum 2009. Stjórnin var mynduð á erfiðum tímum – einum erfiðustu sem orðið hafa hér á landi á seinni tímum. Bankakerfi landsins hafði hrunið á einni viku haustið áður og fjármálakerfið var stórlaskað eftir. Óvíst var hvernig til myndi takast við endurreisn efnahagslífsins og með hvaða byrðir ríkið og þjóðin væri með á bakinu þegar upp yrði staðið. Reynsla Gylfa af hagfræðirannsóknum varð einkum til þess að til hans var leitað en hann hafði ekki haft nein bein afskipti af stjórnámálum eða átt setu á Alþingi. Gylfi spjallar við Nesfréttir að þessu sinni og talið barst fyrst að Vesturbænum og Seltjarnarnesi.

„Sem Vesturbæingur er ég KR-ingur af sál og líkama einkum þó sál. Þetta lærðist næstum með móðurmjólkinni. Vesturbærinn og KR eru svo nátengd að oft getur verið erfitt að skilja þar á milli. Það breytist ekki þótt ég sé orðinn harður Gróttumaður líka enda börnin að æfa þar. Ég fór þessa hefðbundnu leið í Vesturbæjar-skóla, þaðan í Hagaskóla, og M.R. og loks í viðskipta- og hagfræði í Háskóla Íslands. Eftir það hélt ég vestur um haf og hóf nám í Yale haustið 1990 þaðan sem ég lauk doktorsnámi í hagfræði 1997. Ég er kvæntur Hrafnhildi Stefánsdóttur og við eigum fimm börn, Margræti Rögno, Magnús Jóhann, Stefán Árna og svo tvíburana Dóru Elísabetu og Jónu Guðrúnu. Starfsferilinn áður en ég hóf kennslu við Háskóla Íslands er á þann veg að ég vann hjá Vegagerð ríkisins sumrin frá 1982 til 1985, var blaðamaður á Morgunblaðinu sumrin 1986 til 1990, kenndi við Menntaskólann við Sund veturna 1988 til 1990 og í Yale frá 1992 til 1995. Frá árinu 1996 hef ég starfað við Háskóla Íslands, fyrir utan tímabilið frá 1. febrúar 2009 til 2. október 2010 er ég gegndi



Gylfi Magnússon í heimkynnum sínum sitjandi á steini í varnargarði við fjöruna á Seltjarnarnesi.

embætti viðskiptaráðherra og síðar efnahags- og viðskiptaráðherra.“

Að vera kominn í lítinn bæ úti á landi

Vesturbæingurinn flutti á Seltjarnarnes 2001. „Það er rétt. Við fluttum á Nesið í byrjun nýrrar aldar. Vegna þess að ég er alinn upp í Vesturbæ Reykjavíkur þá var ekki stórt skref að ræða landfræðilega séð. Breytingin var á hinn bóginn umtalsverð vegna þess hversu samfélagið á Nesinu er lítið. Það má líkja breytingunni við að vera kominn í lítinn bæ úti á landi nema hvað hann er rétt við hjarta höfuðborgarinnar. Við vorum í fimm ár á Miðbrautinni en þurftum svo stærra húsnæði og erum nú við Sævangarðana norðan á Nesinu. Breytingin að fara þar á milli var helst sú að áður horfði maður á Reykjanesfjallgarðinn en úr Sævangarðunum blasir Esjan við.“

Krökkunum líkar sérstaklega vel

Gylfi segir að krökkunum líki sérstaklega vel að vera á Seltjarnarnesi. Umhverfið sé notalegt til þess að ala börn upp. „Skipulagið er skemmtilegt einkum hvernig skólarnir eru tengdir og einnig íþrótt- og tómsundastarfið. Allt er þetta í þægilegri fjarlægð. Krakkarnir ganga eða hjóla í skólann og þótt við búum einna lengst frá skólunum af Seltirningum þá kemur það lítið að sök. Það ekki nema rúmur kílómetri frá okkur upp á Hrólfsskálamelinn og Valhúsarhæðina og þau ráða vel við það að fara sjálf á milli. Þetta dregur mjög úr þörf á að foreldrarnir skutli krökkunum frá og til skóla og félagsstarfsemi og gerir fólki auðveldara með að skipuleggja og nýta tíma sinn. Ég hef kynnst þessu ágætlega vegna þess að ég náði að vera með öll fimm börnin í grunnskóla á sama tíma í einn vetur en nú eru þau á bilinu frá átta til sextán ára.“

Íslandsmet í barneignum í krísunni

Talið berst að barnmörgum fjölskyldum og fyrri tíð þegar mun algengara var að fólk ætti fleiri börn en síðar varð. Gylfi segir að þetta kunnist að sveiflast eitthvað á milli tímabila og einmitt núna séu að koma nokkrir frekar fjölmennir árgangar inn í skólakerfið því í krísunni 2008 til 2010 var slegið Íslandsmet í barneignum. „Hann bætir við að fyrr á tímum hafi lífsbaráttan verið harðari, heilbrigðiskerfið vanþróað og barnadauði algengari. „Fólki fannst ef til vill betra að eiga fleiri börn en færri ef eitthvað kæmi upp á. Annars hafa barnsfæðingar verið furðu stöðugar undanfarna áratugi – á milli fjögur og fimm þúsund börn hafa fæðst á ári á Íslandi.“

Vantar íbúðir fyrir yngra fólk

Út frá þessu berst talið að Seltjarnarnesi og þeirri staðreynd að

íbúum bæjarfélagsins fjölgar hægt og meðalaldurinn fer hækkandi. Gylfi segir íbúaþróunina vera áhyggjuefni. „Vandinn er sá að fasteignaverð er hátt og ekki margar íbúðir sem henta ungu fólki sem er að hefja búskap. Síðan eykur á þennan vanda að ekki er mikið land eftir til bygginga á Nesinu og síst fyrir stórar byggingar á borð við fjölbýlishús. Nú er búið að byggja á Hrólfsskálamelnum og þar var fremur byggt fyrir efnad eldra fólks en byrjendur í heimilishaldi. Þetta er ekki gott fyrir samfélagið í heild. Aldurssamsetningin skekkist meira og meira ef yngra fólk hefur ekki tök á að koma sér upp heimili í bæjarfélaginu. Maður verður var við hliðstætt vandamál í Garðabæ þar sem faseignaverð er einnig hátt og lítið um eignir sem eru viðráðanlegar fyrir ungt fólk. Við eigum eftir að byggja í Byggðörðunum og spurning um hvernig til tekst. Hvort reynt verður að byggja fyrir yngri kynslóðir og rétta þannig þennan halla sem stefnir í og ná nokkuð eðlilegri blöndu af ungu, miðaldra og eldra fólki.“

Minnkandi atvinnustarfsemi er áhyggjuefni

Sameining sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu berst í tal og hvort Seltirningar myndu geta hugsað sér að sameinast Reykjavíkurborg. Gylfi kveðst telja að Seltirningar myndu ekki ljá slíkri sameiningu samþykki og frá sjónarhorni þeirra væri ekki mikið fengið með slíkri sameiningu. „Nei – ég held ef ég á að vera alveg hreinskilinn að slíkri sameigningu verði ekki hrint í framkvæmd í bráð. Ég held á hinn bóginn að aukið samstarf sveitarfélaganna geti verið vænleg leið til hagræðingar og bendi á að nú þegar er nokkurt samstarf fyrir hendi. En ég held að fólki þyki vænt um þorpsbraginn – sérstöðu og þéttleika samfélagsins sem afmarkað fámenni skapar við hlið borgarinnar. Annað sérkenni Seltjarnarness

er síðan að mjög lítið er um atvinnustarfsemi í bæjarfélaginu og hún hefur farið minnkandi. Þetta er ákveðið áhyggjuefni en nálægðin við Reykjavík vegur upp á móti.

Forvitnin ýtti mér í hagræðina

En að fræðigreininni og ævistarfinu. Gylfi valdi hagræðina þegar menntaskólanáminu lauk. „Já – það er rétt ég valdi hagræðina. Ég hafði aldrei lært neitt í hagræði þegar ég tók þessa ákvörðun. Ég hafði ekkert gluggað í hana í menntaskóla en ég held að þarna hafi einhver eðlislæg forvitni legið að baki. Ég á kannski erfitt með að tilgreina nákvæmlega í hverju hún lá en mér fannst að ég gæti fengið svör við ýmsum spurningum með því að fara að stúdera hagræðina. Ég fór til náms við Háskóla Íslands og síðan vestur um haf til framhaldsnáms og rannsókna. Ég verð að segja eins og er að ég hef alveg jafn mikinn áhuga á þessum vísindum í dag og þegar ég hóf námið. Ég er að vísu ekki alltaf sáttur við þau svör sem hagræðin hefur gefið við ýmsum spurningum en þá er ekkert annað að gera en að reyna með rannsóknum að finna önnur betri.“

Horfum öfundaraugum til þeirra best settu

Gylfi kveðst búin að skoða marga hluti hér heima og erlendis bæði fyrir og eftir krísu eins og hann kemst að orði. Skrifað greinar og flutt fyrirlestira um rannsóknir sínar og niðurstöður. „Eitt af því sem einkennir umræðuna á Íslandi, þótt það sé raunar ekki séríslenskt fyrirbrigði, er að við erum alltaf að bera okkur saman við þá sem hafa það best. Við gerum það raunar ekki alltaf á sanngjarnan hátt og gleymum ýmsu sem er afar vel gert hérlendis. Nú berum við okkur gjarnan saman við Noreg sem er eitt ríkasta land heims vegna olíuútflutnings sem er mikil breyting frá fyrri árum. Við áttum lengi í einkonar

ástar-haturs sambandi við Dani sem byggðist bæði á andúð á dönskum yfirráðum en einnig margvíslegum tengslum sem Íslendingar höfðu myndað við þá. Danir og Svíar voru mun efnadri en Norðmenn þangað til að þeir fundu olíuna og þá bárum við okkur fremur saman við þá. Í dag skipta samskipti við Dani okkur mun minna máli en áður þótt þau séu auðvitað talsverð. Við horfum þannig iðulega öfundaraugum til þeirra sem við teljum best setta, þótt samamburðurinn við þá sé ekki endilega eðlilegur. Ánægja með lífskjör virðist alltaf byggð á afstæðu mati. Ef við berum hins vegar lífskjör á Íslandi nú saman við þau sem fyrri kynslóðir hér á landi nutu þá er ljóst að kjörin hafa sífellt verið að batna og lífsgæðin að aukast. Sömu sögu má segja ef við berum lífskjör okkar saman við aðstæður og kjör nánast allra annarra jarðarbúa, þau eru betri hér en í langflestum löndum heims. Það breytir því auðvitað ekki að samamburður við Noreg er okkur að ýmsu leyti óhagstæður að minnsta kosti eins og stendur. Fólksflótti til Noregs í krísunni varð þó í raun ekki mjög mikill. Margt af því fólki sem kom hingað til vinnu á uppgangarárunum fór aftur til síns heima þegar vinnu var ekki lengur að fá, til dæmis til Póllands, en þeir Íslendingar sem hafa leita fyrir sér utan landsteinana hafa einkum farið til Noregs vegna þess að þar hefur vinnu verið að hafa og tiltölulega há laun, mælt í íslenskum krónum.“

Stjórnarsetan kenndi mér margt

Talið barst að þátttöku Gylfa í stjórnmálum en hann sat í ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur frá 2010 til 2010 án þess að hafa boðið sig fram eða verið kjörinn til þingsetu. Hafði hann einhvern tíma hugsað sér að leggja stjórnmál fyrir sig. „Nei – ég hafði ekki stefnt að því og ekki gert ráð fyrir að til mín yrði leitað í þeim efnum þegar ég datt óvænt inn í ríkisstjórn 2009.

Ég var beðinn um þetta snemma árs og fannst ég ekki geta skorast undan. Það voru erfiðir tímar efnahagslega og ég hugsaði að ef ég gæti lagt eitthvað til mála með þeirri þekkingu sem ég hafði aflað mér með rannsóknum og námi yrði ég að gera það. Og eftir á séð þá hefur sú reynsla sem ég aflaði mér á þeim tíma sem ég sat í ríkisstjórninni nýst mér vel í rannsókn- og háskólastarfi. Ég held það hafi kennt mér meira en ég hefði nokkurn tíma getað lært með lestri fræðiritra að takast á við þau víðfangsefni sem þá lágu fyrir.“

Grunnstoðirnar héldu

Gylfi segir að staðan í ársbyrjun 2009 hafi verið óhagstæða fordæmalaus. „Á þessum tíma vissi enginn hvernig spílast myndi úr þessu og raunar ekki einu sinni alltaf ljóst hver staðan var. Það þurfti að finna lausnir við brýnum víðfangsefnum á nánast hverjum degi án nokkurra forskrifta. Ég tel að það sem hafi bjargað okkur hafi verið hversu sterkar grunnstoðir samfélagsins eru. Ef við berum okkur saman við lönd sem hafa lent í mjög erfiðum krísum - til dæmis í Suður Ameríku og í Afríku þá er mörgu öliku saman að jafna. Þrátt fyrir að allt bankakerfi landsins félli á einni viku og fjármálakerfið verið í rúst þá héldu þessar grunnstoðir. Efnahagslífið hélt áfram, greiðslumiðlun stöðvaðist aldrei og heilbrigðis- og menntakerfin héldu þrátt fyrir fjárhagslega erfiðleika. Sérstaklega mikilvægt var að útflutningsatvinnuvegirnar héldu sínu striki. Samamburður við bláfátæk lönd þar sem geislað hefur hungursneyð og heilu þjóðflokarnir flosnað upp og lent á vergangi er kannski langsóttur en hann er samt ágætur til að minna okkur á að Ísland var eftir sem áður ríkt land. Okkar efnahagskrísa var fyrsta heims krísa, ekki þriðja heims. Vandir okkar var fyrst og fremst fólgin í mjög sködduðum efnahagsreikningum, m.a. vegna hruns gjaldmiðilsins. Það

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opið virka daga kl. 10 - 18:30



þurfti að endurstilla efnahagslífið. Búa til nýtt EXCEL skjal ef svo má segja. Mörg íslensk fyrirtæki voru í þeirri stöðu að reksturinn var ekki skelfilegur, þau gátu framleitt sér og selt vörur og þjónustu, staðið undir launagreiðslum og fleiru en skuldarnar voru alveg út úr kortinu.

Engin von var til þess að hægt væri að greiða nema e.t.v. lítinn hluta þeirra. Það þurfti að laga þessa skuldastöðu að raunveruleikanum. Það sama mátti segja um skuldir margra heimila. Það var mjög brýnt að taka á þeim.“

Inngróið í okkur að eiga eigið húsnæði

Skuldir eru ef til vill það orð sem oftast kemur upp í umræðum dagsins um vanda þjóðarbús, fyrirtækja og heimila hér á landi. Gylfi tekur undir þetta og bendir sérstaklega á heimilin í landinu sem mörg hver séu óþægilega skuldug og þá einkum vegna fasteignaskulda þótt staðan hafi batnað mjög mikið undanfarin ár. „Brýnast er þó líklega að taka á vanda ungs fólks sem er að stofna heimili. Þetta er talsvert snúið. Skuldarnar eru að vísu yfirleitt litlar, nema e.t.v. námslán, en ungt fólk hefur sjaldnast getað lagt mikið til hliðar. Þá er mjög erfitt að festa kaup á húsnæði og leigumarkaðurinn er afar frumstæður. Samfélagið verður að gera fólki auðveldara að koma sér upp þaki yfir höfuðið en er í dag. Það er ekki vænlegt að allir taki 100% lán til þess að greiða fyrir húsnæði og ráði svo ekki við afborg-animar. Við verðum að finna betri leiðir.“ Gylfi segir að mikil áhersla á séreignafyrirkomulagið sé nokkuð séríslenskt fyrirbæri. Séreign þekkist auðvitað alls staðar en er óvíða eins ríkjandi búsetuform og hjá okkur. „Kaupréttar- og leigumarkaðir eru útbreiddari í nágrannalöndum okkar en hér á landi. Það er mjög inngróið í okkur að hin eðlilega leið sé að kaupa og eiga sitt eigin húsnæði og aðrar leiðir eru lítt ýttar. E.t.v. þarf að breyta hugarfarinu til þess að við verðum tilbúin að leita að öðrum lausnum. Eitt af því sem flækir málið er að vextir eru og hafa verið tiltölulega háir héraendis í samanburði við nágrannalöndin áratugum saman.

Það var raunar eitt af því sem bjó til bólu sem sprakk. Hingað streymdi fé í leit að háum vöxtum. Þegar innflæðið hætti hrundi fjármálakerfið. Það er eitt mikilvægasta verkefnið í hagstjórn til langs tíma á Íslandi að tryggja okkur stöðugra verðlag og gengi og um leið svipaða vexti og í nágrannalöndunum. Það hefur okkur algjörlega mistekist, allt frá því fyrir lýðveldisstofnun.“

Purfum að fylgjast vel með Kínverjum

Gylfi hefur fylgst glöggst um árabíl með hagfræði umheimsins og hvernig fjármálakerfin og það með hagur þjóða hafa þróast. Að undanfögnu höfum við fylgst með vanda Grikkja og nú síðast berast fréttir af umróti á kínverska fjármálamarkaðnum. Er þetta okkur fjarlægst eða er ástæða fyrir lítið land út í Atlantshafi að hafa áhyggjur af þeim málum. Gylfi segir að eftir mikinn vöxt í kínverska hagkerfinu árum saman sé greinilega komið að kaflaskilum. Vesturlönd og þar á meðal Íslendingar þurfi vissulega að hafa áhyggjur af þeirri þróun. Kína sé stór hluti af hagkerfi heimsins rétt eins og Evrópusambandið og Bandaríkin. Kínverska hagkerfið og raunar austur Asía hafi sloppið miklu betur en hinn vestræni heimur í krísu undanfarinna ára. Nú séu blikur á lofti sem hinn vestræni heimur verði að fylgjast vel með.

Hefðum alveg eins getað markaðssett Ísland sem sólarparadís

En geta Íslendingar lært eitthvað af hruninu sem hér varð á haustdögum 2008. „Við getum lært af því og eigum auðvitað að gera það en sagan sýnir okkur að fljótt getur fennst yfir slíkan lærdóm. Sagan frá öðrum löndum sýnir okkur að menn fara fljótt að gera sömu mistökina aftur. Ef til vill höfum við ekki lært nóg eða dregið réttar ályktanir af því sem gerðist. Íslenska hagkerfið var algerlega vanbúið til þess að standa undir alþjóðlegum fjármálastofnunum og alls ekki að þær byggðust upp með miklum hraða. Engum virtist koma til hugar að jafn illa gæti farið og raunin varð þótt ýmis hættumerki sæjust fyrir hrun. Það voru grundvallarmistök að telja sér trú um að Ísland væri hentugt fyrir þessa starfsemi. Við höfðum ekkert til þess að byggja á. Enga reynslu og ekki næga þekkingu, hvorki í bankakerfinu, stjórnkerfinu né eftirlitskerfinu og með mjög veikan gjaldmiðil. Við hefðum alveg eins getað markaðssett Ísland sem sólarparadís eins og alþjóðlega fjármálamiðstöð,“ segir Gylfi Magnússon.

Ballettskóli

Guðbjargar Björgvins



Innritun hafin

Byrjenda- og framhaldshópar frá 3 ára aldri

Ballett

Einnig fullorðinsballett fyrir þá sem vilja láta drauminn rætast

Ballettskóli Guðbjargar Björgvins
Eiðistorgi Seltjarnarnesi
S: 562-0091 695-0399

Netfang:
gbballett@simnet.is

Heimasíða:
www.gbballett.is



Nesstofa

- Hús og saga -

Ný sýning í Nesstofu sem fjallar um húsið og landlæknisembættið sem stofnað var árið 1760.

Skemmtileg verkefni í boði fyrir fjölskyldur og frístundahópa.

Opíð alla daga nema mánudaga
frá 13. júní - 31. ágúst
kl. 13-17,
ókeypis aðgangur.

Nesstofa er hluti af húsasafni Þjóðminjasafns Íslands.

Nánari upplýsingar:
í síma 595 9100 eða 530 2200
www.thjodminjasafn.is



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland





Nikkuballið í sól og blíðu

Ungmennaráð Seltjarnarness bauð bæjarbúum á hið árlega Nikkuball í brakandi sólskini og blíðu. Þetta var í sjötta sinn sem Nikkuballið var haldið en það fer jafnan fram við björgunarsveitarhúsið Gaujabúð.

Reynir Jónasson lék á nikkuna og listahópur Seltjarnesbæjar,

Súkkuliðið, tróð upp. Ungmennaráðið bauð upp á vöfflur og kaffi sem gestir tóku fagnandi og nutu utandyra. Ungmennaráðið á mikinn heiður skilinn fyrir framtakssemi sína og umhyggju gagnvart eldri borgurum bæjarins en unun var að fylgjast með þeim sveifla sér saman á planinu.

Nitrajóga í Sólum



Unnur Valdís á floti með flothettuna sem hún hannaði.

Unnur Valdís Kristjánsdóttir er að hefja kennslu í nitrajóga í Jógastöðunni Sólum í Örfirsey. Nitrajóga er forn jógaástandun sem hefur orðið vinsæl í hinum vestræna heimi á síðari árum. Unnur segir að þegar fólk hafi kynnst þessari jógaáferð hafi það fundið til þess hversu streytulosandi hún sé.

Unnur hefur lengi haft áhuga á jógaástandunum. Hún segir jógað geta breytt boðefnum. Leyfir þeim að flæða betur frjálsum og auðveldla fólki að taka betur stjórnina í lífi sínu. Hún segir að streita sé undirliggjandi orsakabáttur í mörgum sjúkdómum og geti birst í mismunandi myndum. Stundum svo samofin tilverunni að fólk taki jafnvel ekki eftir henni fyrr en hún er farin að valda vandamálum. Þá sé gott að geta farið inn á við í nærandi djúpslökun til þess að efla og styrkja tengslin við okkar innri kjarna. Unnur Valdís starfar sem vöruhönnuður. Hún hannaði meðal annars flothettuna sem notið hefur mikilla vinsælda í sundlaugum landsins undanfarin tvö ár. Flothettuna sem Systrasamlagið á Seltjarnarinesi hefur verið að kynna í gegnum samflotin.

Dansnámskeið haustönn 2015

Dansskóli
Birnu Björns

Reykjavík Kópavogur Garðabær Hafnarfjörður

Komdu og vertu með!

Allt það nýjasta í dansheiminum í dag. Við bjóðum uppá vandað markvisst dansnám frá 2ja ára aldri. Kennarar eru með áralanga reynslu sem kennarar dansarar og danshöfundar. Byrjenda og framhaldsflokkar

Kennsla hefst 7.sep
Kennt frá 2ja ára aldri

Nýtt! Söngleikjadans/ballett fyrir yngstu börnin

Danskeppni
Sýningarhópar
Hvatningarverðlaun
Erlendir gestakennarar
Dansferðir erlendis
Nemendasýningar
Þemadagar
Valtímar
Tækni tímar
Workshop

JAZZ FUNK LYRICAL HIPHOP COMMERCIAL O.F.L.

Innritun hafin!

www.dansskolibb.is

FÉLAGSSTARF ELDRÍ BÆJARBÚA Á SELTJARNARNESI

Engin lognmolla hefur verið yfir félagsstarfinu í sumar. Sumarferðin okkar í ár var farin í eina af náttúruperlum landsins Þórsörk. Lagt var af stað snemma morguns þann 25. júní í fallegu og góðu veðri.

Keyrðum sem leið lá inn í Bása með einu stoppi á leiðinni. Svæðið skartaði sínu fegursta, sól, blíða, stórkostlegt umhverfi og fegurð. Kristján Baldursson fararstjóri ferðarinnar fræddi og sagði frá merkjum stöðum. Boðið var upp á gönguferð eftir hádegisverðinn fyrir þá sem það vildu, aðrir nutu þess að sitja í sólinni og spjalla. Á bakleiðinni var komið við bæði við Seljalandsfoss og á Hvolsvelli en síðasti áfangastaður ferðarinnar var Skíðaskálinn í Hveradölum þar sem snæddur var kvöldverður. Það var þreyttur en glaður hópur sem kom heim þegar langt var liðið á kvöld. Þau Hrafnhildur, Margrét Karen og Ingimundur Óskar sáu um og skipulögðu félagsstarfið með eldri bæjarbúum í sumar en þau eru teymi ungs námsfólks sem fékk sumarstarf hjá Seltjarnarnesbæ. Þau stóðu sig með miklum sóma. Þau voru með skipulagða dagskrá fjóra daga vikunnar. Boðið var upp á tölvunámskeið, margar skemmtilegar gönguferðir, bingó, botsía og félagsvist. Þá var farið í nokkurs konar óvissuferðir en hópurinn fór í heimsókn í súkkulaðiverksmiðjuna OmNoM og fór í strætóferð á kaffihús. Hópurinn stóð fyrir Nikkuballinu við smábátabryggjuna ásamt Unglingaráði, en þangað mætti fjöldi fólks og skemmti sér við dúndrandi hljóðfæraleik og söng. Haldnir voru tónleikar og listahópur Seltjarnarness kom í heimsókn á Skólabraut síðasta dag júlímánaðar þar sem boðið var upp á kökur og kaffi. Bestu þakkir til ykkar Hrafnhildur, Gréta og Ingimundur fyrir ánægjulegt samstarf í sumar.

Nú liggur haustdagskráin fyrir og dagskrárblaðið á að hafa borist inn um bréfalúguna hjá öllum bæjarbúum 65 ára og eldri. Vonandi finna þeir sem áhuga hafa eitthvað við sitt hæfi í dagskránni. Það er ýmislegt framundan í félagsstarfinu og að öllum líkindum verður stofnun félags eldri borgara á Seltjarnarnesi að veruleika nú á haustmánuðum og í kjölfarið verði stofnað öldungaráð. Vonandi verður stofnun þessara hópa til að efla félagsandann enn meira og auka áhuga eldri borgara á því sem er að gerast.

Félags og tólmstundaaðstaða eldri bæjarbúa er staðsett á Skólabraut 3-5 jarðhæð. Þangað eru allir velkomnir. Allar upplýsinga varðandi starfið er einnig hægt að fá hjá Kristínu í síma 8939800.

Það er orðin hefð fyrir því að bjóða upp á vöfflukaffi í Félagsheimili Seltjarnarness í aðdraganda vetrarstarfsins. Vöfflukaffið og kynningin verður fimmtudaginn 20. ágúst kl. 15.00 en þá verður hægt að skrá sig á námskeiðin og fá allar upplýsingar. Ef þessar Nesfréttir koma út eftir 20. ágúst þá er allar upplýsingar að finna á heimsendu dagskrárblaði.

NES FRÉTTIR www.borgarblod.is

UMHVERFISHORNID

Dagur þolmarka jarðarinnar

Skilgreindur hefur verið dagur þolmarka jarðarinnar en það er sá dagur ársins þegar árleg eftirspurn mannkynsins fyrir vöru og þjónustu sem jörðin veitir okkur fer fram úr því sem hún getur endurnýjað árlega. Þessi þjónusta er í raun gjafir jarðar og birtast okkur t.d. í formi ávaxta, grænmetis, bómullar í föt, fisks, kjöts, trjáa og í upptöku koltvísýrings úr andrúmslofti okkar.



Þetta þýðir að frá 13. ágúst og það sem eftir lifir árs erum við að ganga á auðlindir jarðarinnar á ósjálfbæran hátt. Koltvísýringur eykst meira í andrúmsloftinu en jörðin getur bundið, skógar hverfa, dýrategundir deyja út eða dýrastofnar eru ofnýttir. Árið 2014 voru þolmörk jarðarinnar tæpri viku seinna sem þýðir að við göngum hraðar og hraðar á þá þjónustu sem jörðin getur veitt á ári hverju.

Ósonlagið

Snemma á 8. áratug þessarar aldar fóru menn að hafa áhyggjur af hugsanlegri eyðingu ósonlagsins af völdum klórflúorkolefna (CFC). Síðar hefur verið staðfest að þær áhyggjur eiga við rök að styðjast og að mörg önnur efni valda einnig eyðingu ósonlagsins. Talið er að þynning ósonlagsins hafi náð hámarki í kringum árið 2003.

Lofthjúpur jarðar er nauðsynlegur til að lífvænlegt sé á jörðinni. Lofthjúpurinn sem skiptist í mörg hvolf, gleypir skaðlega geislun frá sólu. Hann hindrar einnig að hluti varmans sem jörðin geislar frá sér hverfi út í geiminn. Aukin loftmengun hefur þau áhrif að samsetning lofthjúpsins breytist. Aukin gróðurhúsaáhrif í veðrahvolfinu geta breytt loftslagi og þynning ósonlagsins leiðir til aukinnar útfjólublárrar geislunar.

Ósonlagið er sólhlíf jarðarinnar. Það verndar menn, dýr og gróður gegn skaðlegri útfjólublárra geislun frá sólu. Aukning útfjólublárra geisla við yfirborð jarðar veldur hærri tíðni húðkrabbameins og getur einnig hækkað tíðni augnskaða, veikt ónæmiskerfi manna og dýra og dregið úr vexti plantna á landi og í sjó.

Óson er lofttegund sem er að finna í lofthjúpi jarðar. Magn þess er mest í heiðhvolfinu í u.þ.b. 20-50 km hæð frá jörðu í svonefndu ósonlagi. Óson myndast og brotnar niður í lofthjúpunum. Það sem nú er að gerast er að losun klórflúorkolefna og skyldra efna frá iðnaði og annarri starfsemi raskar eðlilegu jafnvægi, þannig að niðurbrotið er meira en myndunin. Eftir því sem losun ósoneyðandi efna er meiri, þeim mun hraðar þynnist ósonlagið. Ef losun ósoneyðandi efna verður stöðvuð næst jafnvægi smám saman aftur.

Heimildir: Umhverfisstofnun

F.h. umhverfisnefndar,
Margrét Pálsdóttir, formaður

18 ára reynsla og
þekking í sölu fasteigna

www.frittsoluverdmat.is

ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali
s. 690 3111



LIND
FASTEIGNASALA

GRÓTTUDAGURINN



29. ÁGÚST



**Hinn árlegi Gróttudagur verður
haldinn á Vivaldivellinum
laugardaginn 29. ágúst nk.**

Dagskrá dagsins er að venju glæsileg:

**10:00 - 13:00: Gróttudagurinn – Ýmsar þrautir viðsvegar
um bæinn fyrir börn sem fullorðna.**

Hverfisvegabréfum verður dreift á Vivaldivellinum.

**Íbúar fara um bæjarfélagið og spreyta sig á þrautum
og safna þannig stigum fyrir hverfin sín.**

Skila þarf inn vegabréfum fyrir kl. 14.

Dregið verður úr bréfum í hálfleik í leik Gróttu og Þór.

Vegleg verðlaun og viðurkenning fyrir stigahæsta hverfið.

14:00 - 15:50: Grótta – Þór á Vivaldivellinum (frítt á völinn fyrir Nesbúa).

Mikilvægur leikur fyrir Gróttu í fallbaráttu í 1. deildinni.





Íbúar við Melabraut hafa kvartað við Nesfréttir yfir að gata sé orðin illa farin og vonast til að bærin lagji götuna sem allra fyrst.



Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

rafmagn@mi.is

Danskóli Birnu Björns að hefja vetrarstarfið

Danskóli Birnu Björns er að hefja haust- og vetrarstarfið. Skólinn með vandað markvisst dansnám en skólinn hefur verið starfandi í 20 ár við góðan orðstír. Merki skólans er metnaður framkoma dansgleði og er markmiðið að þjálfunin skili góðum árangri og framförum frá ári til árs.



Mikið er um að vera á dansárinu og voru nemendur og kennarar að koma frá London úr dansferð og munu kynna fyrir nemendum skólans alla þær nýjungar úr dansheiminum erlendis frá. Í sumar sýndu nemendur á 17. júní víðs vegar um bæinn, dönsuðu í Söngvaborg og einnig með Gunna og Felix. Kennarar skólans tóku þátt í eurovison og sýningarhópur skólans tók að sér fjölmörg verkefni. Í vetur verður danskeppnin og dansfárið á sínum stað auk þess sem skólinn mun fá heimsfrægan gestakennara erlendis frá. Síðan eru þemadagar framundan, jólavikan, nemendasýningar og margt fleira. Nýtt og spennandi Musical theatre verður með Birnu og eurovisonstjörnunni Maríu Ólafsdóttur byrjar í september og núna ætlar skólinn að bjóða uppá námskeið fyrir 2 til 3 ára og 4 til 5 ára þar sem kennt verður ballet og söngleikjadansar undir leiðsögn ballet og jazzballetkennara.



MÆTTU haustinu með MÝKT!



Viridian - fremst meðal jafningja!

Byggðu þið upp með VIRIDIAN vítamínum og bætiefnum fyrir veturinn því þau VIRKA.



MANDUKA - upphald jógakennarans!

Allskyns MANDUKA jógaþynur og -handlæði, jógaþúðar, -kubbar og -töskur af bestu gæðum. MANDUKA eru Taj Mahal jógaþynna.



Sælkeranæring systra

Ítalskur sítrónuchia- og eða franskur súkkulaði hafa verið afar vinsælir í Systrasamlaginu frá upphafi. Lífrænir, vegan, mettandi og stútfullir af bragðgóðri næringu.



Lungamjúkar leggings fyrir jóga og lífsdansinn!

Lungamjúkar leggings fyrir jóga og lífsdansinn! Þær allra vinsælustu frá upphafi. Nú með nýju tvísti. Allt í senn lífrænar, lungamjúkar, líta vel út, sterkar og þægilegar. Allt annað en þreytandi. Hvorki búnta né pirra, þrengja að eða valda kláða. Í svörtu og svörtu og bláu í S-M og L.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI

Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Virkir dagar 9 - 18
Laugardagar 10 - 16
Opnum aftur 8.30 í september

GEFÐU ÞÉR GÓÐAN TÍMA Í ORLANDO

Verð frá **37.900*** kr.

Þessi ferð gefur frá 2.100 til 6.300 Vildarpunkta aðra leiðina.



Njóttu hveggar mínútu

Þú þarft ekki að prófa öll tækin í Disney World. Eða keppast við að ná öllum rennibrautum í Wet N Wild fyrir hádegi. Það sem skiptir máli er að njóta tímans. Leggjast niður og njóta sólarinnar. Rölta í staðinn fyrir að arka. Byggja sandkastala í rólegheitum. Eiga gæðastundir og safna minningum sem lifa.

Flogið verður fjórum sinnum í viku í vetur til Orlando International Airport.



+ Bókaðu núna á icelandair.is

 Vertu með okkur



* Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar.



Fengu silfur í A-liðakeppni



Vaskur hópur Gróttustelpna hélt á stærsta fótboldamót landsins - Síamótið í Kópavogi í lok júlí. Aldrei hefur Gróttu sent fleiri iðkendur til leiks á Síamótið en 6. og 7. flokkur mætti með þrjú lið til leiks og 5. flokkur tvö lið. Öll liðin léku af stakri list á mótinu.

Margar stelpnanna voru að fara á mótið í fyrsta skipti, raunar allur 7. flokkurinn, á meðan aðrar eru orðnar ansi sjóaðar. A-lið 6. flokks kvenna náði þeim frábæra árangri að komast alla leið í

úrslitaleik mótsins sem var leikinn á Kópavogsvelli gegn heimastúlum í Breiðabliki. Þar þurftu Gróttustelpnarnar að lúta í lægra haldi en spilamennsku þeirra allt mótið var mikið hrósað og það ekki að ósekju. María Lovísa Jónasdóttir úr 5. flokki var fulltrúi Gróttu í landsleiknum sem var einnig spilaður á Kópavogsvellinum fyrir framan troðfulla stúku. Frábært mót í brakandi blíðu í Kópavoginu þar sem stelpur, foreldrar og þjálfarar eignuðust ómetanlegar minningar.

Mikil þátttaka í handboltaskólanum

Handboltaskóli Gróttu og Hertz fór fram dagana 4. til 21. ágúst en hann hefur farið fram undanfarin ár við góðan orðstír. Mikil og góð þátttaka var í skólanum þetta árið en rúmlega 140 börn tóku þátt.

Farið var í grunnatriði handknattleiks með skemmtilegum æfingum og leikjum þannig að

allir þátttakendur fengu að njóta sín. Þeir krakkar sem eru að fara í 1. til 6. bekk næsta haust voru í skólanum fyrir hádegi en sérstakur afreksskóli var eftir hádegi fyrir þá krakka sem verða í 4. og 5. flokki næsta vetur. Það voru Andri Sigfússon og Viggó Kristjánsson sem héldu utan skólann og sáu um þjálfun auk annarra þjálfara. Það má því með sanni segja að líflegt hafi verið um að litast í íþróttahúsinu í byrjun ágúst.



Strákarnir í 5. flokki sem voru á Olísmótinu.

Fimmti flokkur á Akureyri og Selfossi

Gróttumenn mættu með fjögur lið til leiks, vel undirbúnir og klárir í slaginn á N1-mótið - heimsmeistarakeppni 5. flokks karla á Íslandi fór fram á Akureyri venju samkvæmt fyrstu helgina í júlí. A-liðið byrjaði mótið afskaplega vel á tveimur sigrum á Keflavík og Val en eftir það náðu strákarnir sér ekki á strik gegn sterkum andstæðingum.

Gróttu2 lék í C-liðakeppni og eftir tap í fyrsta leik virtist ekkert geta stoppað Gróttumenn. Þegar upp var staðið kepptu strákarnir um brons og höfðu þar sigur á A-liði Sindramanna í æsilegri vítakeppni. Gróttu3 lék í E-liðakeppni og eftir fyrsta dag var útlitið ekki bjart eftir tvo tapleiki. Þá settu strákarnir

í girinn, sigruðu hvern leikinn á fætur öðrum og voru ekki lagðir að velli fyrr en Þróttarar frá Vogum (A-liðið þeirra) voru sterkari í undanúrslitum. Gróttumenn tryggði sér þó bronsið með frábærri frammistöðu og þá var Davíð Ingi Másson valinn markvörður mótsins í E-liðakeppni. Gróttu4 átti ágætt mót sem þó var nokkuð kaflaskipt. Í tvígang þurftu vítakeppni til að skera úr um úrslit síðustu leikja en í seinni vítakeppninni höfðu Gróttumenn sigur. Þróstur, Harri og Maggí stigu á punktinn og afgreiddu vítin örugglega í netið. Í ágúst fóru strákarnir í 5. flokki svo á Olísmótið á Selfossi. Þar léku öll lið átta leiki yfir sólríka helgi og spiluðu glimrandi fótbolta á löngum köflum.

www.grottasport.is



GETRAUNANÚMER

GRÓTTU ER

170

Fjórði flokkur á Dana Cup



Glæsilegur hópur stelpna úr 4. flokki Gróttu/KR hélt á Dana Cup stórmótið í Danmörku í júlí. Ásamt stelpunum 24 voru þjálfararnir Maggi og Alex með í för ásamt fararstjórunum mögnuðu Birgi og Vilborgu.

A-liðið sigraði sinn riðil og fór því beint í 32-liða úrslit mótsins. Þar dattu stelpurnar því miður út í vítaspyrnukeppni en lokatölur í leiknum sjálfum voru 0-0 þar sem Gróttu/KR stelpur voru mikið sterkari aðilinn. B-liðið fór í B-úrslit, vann þar sinn fyrsta leik á

dramatískan hátt en laut svo í lægra haldi gegn sterkum Sviastúlkum. Stemningin í hópnum var frábær allan tímann en auk fótboltans voru H&M búðir svæðisins rannsakaðar og Farup Sommerland skemmtigarðurinn heimsóttur. Frábær ferð í alla staði hjá stelpunum þrátt fyrir að þær hefðu ætlað sér miklu stærri hluti í mótinu sjálfu. Um 15 þúsund keppendur voru mættir til leiks frá öllum heimshornum og spilaður var fótbolli frá morgni til kvölds á 90 völlum.

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Katrín Viktoría Hjartadóttir. Hún var í Skólahreystiliði Seltjarnarness sem keppti til úrslita í Skólahreysti í vor. Hún hefur iðkað fimleika í 10 ár með Gróttu og æfir nú höpfimleika með Stjörnunni Garðabæ. Við brautskráningu úr grunnskóla í vor var hún meðal annars verðlaunuð fyrir góðan námsárangur í stærðfræði, íþróttum og fékk viðurkenningu frá Rótaryklúbbi Seltjarnarness fyrir góðan námsárangur og þrúðmannlega framkomu.

Fullt nafn? Katrín Viktoría Hjartadóttir.
Fæðingard. og ár? 29. desember 1999.
Starf? Nemi á fyrsta ári við Verzlunarskóla Íslands.

Farartæki? Strætó og svo er ég með fjóra einkabílstjóra enda yngst á heimilinu 😊

Helstu kostir? Skipulögð, hress og lífsglöd.

Eftirlætis matur? Kjúklinga fajitas.

Eftirlætis tónlist? Ég hef fjölbreyttan tónlistarsmekk en ég hlusta samt ekki á rokk.

Eftirlætis íþróttamaður?

Sif Pálsdóttir fimleikakona.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið? Desperate housewives og Friends.

Besta bók sem þú hefur lesið? Afbrigði.

Uppáhalds leikari? Jennifer Aniston.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Divergent.

Hvað gerir þú í fristundum þínum? Ég æfi höpfimleika 15 tíma á viku og eyði svo tíma með vinum og fjölskyldu.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Þórsmörk.

Hvað metur þú mest í fari annarra? Húmor og heiðarleika.

Hvern vildir þú helst hitta? Viktoríu ömmu mína.



Uppáhalds vefsíða? Ætli maður noti ekki Facebook og Youtube mest.

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Nýjan síma.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti?

Gefa slatta í göðgerðarstarfsemi. Bjóða fjölskyldunni í gott frí til útlanda og svo setja restina inná banka.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Ég myndi stækka íþróttaaðstöðu Gróttu og þá einna helst fimleikaaðstöðuna.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni? Ég er nú aðallega að hugsa um að klára menntaskólann í augnablikinu.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu? Á milli þess sem ég vann hjá bænum við garðyrkjustörf þá fór ég í þrjár utanlandsferðir. Sú fyrsta var æfingaferð til Ítalíu með fimleikalíðinu mínu, svo fór ég til Noregs með fjölskyldunni og svo endaði ég sumarfríið á því að fara í frábæra ferð til Finnlands með Ungmennaráði Seltjarnarness.

ÖKUM VARLEGA! Skólarnir eru að byrjaðir!



Reykjavík Apótek

SJÓVÁ



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



NES FRÉTTIR

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is • Allan sólarhringinn



Sverrir Einarsson



Kristín Ingólfssdóttir



Hilmar Erlendsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNsla



*Leila
boutique*

Laufey Birkisdóttir

Snyrti, förðunar- og nuddfræðingur

Leila boutique

Eiðistorgi 2 hæð

sími 5512323

Dermatude - húðmeðferð

Nouveau Contour - varanlegt augn, vara- og augabrúnameðferðir

Epilast - háreyðing

Allar almennar snyrtimeðferðir - Clarins vörur

Ég tek vel á móti ykkur, hlý og persónuleg þjónusta